

LÖG

um breytingu á lögum nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að víkja frá ákvæðum þessa hluta, þó ekki ákvæðum varðandi ábyrgðartryggingar í 46. gr., þegar váttrygging er tekin vegna atvinnurekstrar og einhverju eftirfarandi skilyrða er fullnægt:

- a. umfang rekstraraðilans við gerð váttryggingarsamnings eða við endurnýjun hans samsvavar fleiri en fimm ársverkum,
- b. starfsemin fer að mestu leyti fram erlendis,
- c. váttrygging er tekin vegna skráðs loftfars,
- d. váttryggðar eru vörur í flutningi á milli landa.

2. gr.

Við 4. mgr. 61. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Þá gilda ákvæði um hóp-váttryggingar í þessum hluta laganna ekki um persónuþryggingar launþega samkvæmt kjarasamningum.

3. gr.

Í stað orðsins „líftryggingum“ í 2. mgr. 85. gr. laganna kemur: hreinum áhættulíftryggingum.

4. gr.

2. mgr. 86. gr. laganna orðast svo:

Í öðrum persónuþryggingum en hreinum áhættulíftryggingum getur félagið í skilmálum gert fyrirvara um að það beri einungis ábyrgð á sjúkdómi eða öðru tjónsatviki, að einkenni eða atvik hafi komið fram eftir ákveðið tímamark. Hið sama á við um váttryggingu á örorku í tengslum við líftryggingu.

5. gr.

1. másl. 2. mgr. 100. gr. laganna orðast svo: Váttryggingarfjárhæð, sem fellur til við andlát váttryggingartaka, rennur til maka hans, hvort sem viðkomandi var í hjúskap eða staðfestri samvist.

6. gr.

Í stað tilvísunarinnar „93. gr.“ í 3. másl. 2. mgr. 120. gr. laganna kemur: 94. gr.

Nr. 118

19. desember 2005

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2006.

Gjört á Bessastöðum, 19. desember 2005.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Valgerður Sverrisdóttir.

A-deild – Útgáfud.: 29. desember 2005